



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. september 2023
2309166/0.4.1

Efni: Umsögn embættis landlæknis – Frumvarp til laga um útlendinga (afnám þjónustusviptingar), 113. mál.

Með tölvupósti nefna- og greiningarsviðs Alþingis dags. 22. september 2023 sl. sendi allsherjar- og menntamálanefnd ofangreint frumvarp til umsagnar.

Þann 11. nóvember 2022 skilaði embætti landlæknis umsögn í tengslum við frumvarp til laga um útlendinga, 382. mál, þar sem fjallað var um þjónustusviptingu. Þar var bent á að þrátt fyrir undanþáguákvæði sem náðu til barnshafandi, alvarlegra veikra og fatlaðra einstaklinga að þá gætu komið upp aðstæður þar sem fólk yrði svipt rétt til heilbrigðisþjónustu.

Sem fyrr telur embættið slíkt vera óásættanlegt. Þau sem ekki falla undir fyrrnefndar undanþágur geta engu að síður glímt við sjúkdóma og heilsufarsvandamál sem nauðsynlegt er að bregðast við og í vissum tilfellum getur rof á meðferð haft slæmar afleiðingar. Umræddur hópur er nú þegar í sérstaklega viðkvæmri stöðu og frekari jaðarsetning gagnvart heilbrigðisþjónustu er sérlega varhugaverð. Þá getur rof á meðferð við langvinnum sjúkdómum haft alvarlegar afleiðingar.

Embættið telur að öll nauðsynleg heilbrigðisþjónusta ætti að vera undanskilin þjónustusviptingu, enda eiga allir að njóta þeirra grundvallarmannréttinda að hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu. Að auki tekur öruggt aðgengi að heilbrigðisþjónustu einnig til mikilvægra öryggisþátta, eins og t.d. að aftra útbreiðslu smitsjúkdóma og því að veita þeim sem glíma við geðraskanir þjónustu svo viðkomandi sé ekki hættulegur sjálfum sér eða öðrum.

Virðingarfyllt,

Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis